

# Umsókn um lífeyrissparnað

Samningur um lífeyrissparnað og viðbótartryggingarvernd við Lífeyrissjóð Vestmannaeyja.  
Á grundvelli laga nr. 129/1997.

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að séreignadeild Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Ég hef kynnt mér skilmála samnings þessa og sætti mig við þá að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja telst vera kominn á samningur á milli mín sem réttihafa og séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem vörsluaðila í samræmi við ákvæði samningsins.

|                      |                |                 |
|----------------------|----------------|-----------------|
| <b>Nafn:</b>         |                | <b>Kt:</b>      |
| <b>Heimilisfang:</b> | <b>Sími:</b>   | <b>Gsm:</b>     |
| <b>Póstnr.</b>       | <b>Staður:</b> | <b>Netfang:</b> |

|                        |                |                 |
|------------------------|----------------|-----------------|
| <b>Launagreiðandi:</b> |                | <b>Kt:</b>      |
| <b>Heimilisfang:</b>   | <b>Sími:</b>   | <b>Gsm:</b>     |
| <b>Póstnr.</b>         | <b>Staður:</b> | <b>Netfang:</b> |

Ég undirrituð/aður óska eftir því að reglulega verði greidd \_\_\_\_\_ 2% \_\_\_\_\_ 4% á mánuði, til séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem framlag mitt í viðbótarlífeyrissparnað. Mótframlag launagreiðanda er að hámarki 2%.

Heimilt er að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar prósentutölu af heildarlaunum. Ef umsækjandi óskar eftir því skal tilgreina þá upphæð hér \_\_\_\_\_kr.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Útfylli umsækjandi ekki reiti fyrir hlutfall af launum eða fasta krónutölu, er litið þannig á að hann óski eftir því að greiða 4% viðbótariðgjald.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í samræmi við ákvæði samnings.

Ég undirrituð/aður óska eftir því að lífeyrissparnaður minn verði ávaxtaður í:

- \_\_\_\_\_ **Safni I** (hentar 55 ára og eldri)  
\_\_\_\_\_ **Safni II** (hentar yngri en 55 ára)

Velji sjóðsfélagi ekki sérstaklega safn er sparnaði hans sjálfkrafa ráðstafað í Safn II ef hann er 54 ára eða yngri, en annars í Safn

**I. Færa á milli við 55 ára aldur:**

- \_\_\_\_\_ **Já**  
\_\_\_\_\_ **Nei**

Um samning þennan gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 129/1997 og samþykkt Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja eftir því sem við á. Réttihafi hefur kynnt sér ákvæði nefndra laga og samþykkt.

Iðgjöld greiðast inn á reikning 0582-26-24 eða 0185-26-11. Kennitala sjóðsins er 580572-0229.

## SKILMÁLAR SAMNINGS UM SÉREIGNARSPARNAÐ

### 1. gr. Skyldur réttihafa

Réttihafi skuldbindur sig til að greiða til Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja („LSV“) mánaðarlegt innlegg af heildarfjárhæð greiddra launa skv. 3. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og skal greiðslan vera séreign réttihafa og tilgreind á sérstökum reikningi hans. Réttihafi skal fela launagreiðanda að halda eftir umsömdu innleggi af launum hans og standa vörsluaðila skil á því. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir undirritun samnings þessa. Greiðslutímabil hvers innleggs skal eigi vera lengra en einn mánuður og skal gjalddagi vera 10. næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Réttihafi skal tilkynna vörsluaðila ef hann hættir störfum hjá viðkomandi launagreiðanda.

### 2. gr. Skyldur vörsluaðila

Vörsluaðili skuldbindur sig til að ávaxta innlegg réttihafa í samræmi við 36. gr. a. laga nr. 129/1997. Innlegg á séreignarsparnað ber vexti frá innborgunardegi. Vörsluaðili ber ekki ábyrgð á innleggi sem launagreiðandi hefur dregið af launum réttihafa en hefur ekki staðið skil á. Vörsluaðili skal senda réttihafa tvisvar á ári yfirlit yfir móttækin innlegg frá launagreiðanda og stöðu séreignareiknings réttihafa.

### 3. gr. Framlag til séreignar

Framlag í séreignadeild LSV gefur ekki rétt til stiga eða fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skal útborgun úr sjóðnum vera í samræmi við inneign hvers og eins.

### 4. gr. Útborgun séreignarsparnaðar

Réttihafi sem orðinn er fullra 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum eða árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum eða á þeim tíma sem réttihafa vantar á að hafa náð 67 ára aldri. Sama rétt hefur réttihafi, sem verður fyrir 100% orkutapi áður en hann nær 60 ára aldri. Nú er örorka metin lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu og úttektartíminn lengist samsvarandi. Við andlát réttihafa öðlast erfingjar hans rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Láti réttihafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús réttihafa án takmarkana 2. másl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/19975. grein

### 5. gr. Uppsögn

Samningi þessum er hægt að segja upp með 6 mánaða fyrirvara. Hætti réttihafi störfum hjá launagreiðanda þeim sem tilgreindur er á umsókn réttihafa, falla þau ákvæði samningsins um greiðslu iðgjalds sjálfkrafa úr gildi, nema að hann óski sérstaklega eftir því að halda áfram greiðslum. Réttihafi skal tilkynna slík starfslok til vörsluaðila. Uppsögn á samningi veitir ekki rétt til útborgunar á innstæðu eða réttindum. Við uppsögn samnings er heimilt að flytja innstæðu til annars vörsluaðila sem heimild hefur til að taka við lífeyrissparnaði vegna viðbótartryggingarverndar skv. lögum nr. 129/1997.

Undirritaður réttihafi samnings þessa staðfestir með tilvísun til laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, að persónuupplýsingar sem skráðar eru á samninginn eru réttar, að tilgangur viðskiptasambandsins er viðbótarlífeyrissparnaður hjá LSV, að þeir fjármunir sem færðir verða sjóðnum til meðferðar komi frá launagreiðanda og uppruni þeirra sé á Íslandi ásamt því að fyrsta greiðslan komi frá launagreiðanda eða öðrum vörsluaðila.

Þær persónuupplýsingar sem LSV fær frá sjóðfélaga eða þriðja aðila í tengslum við samning þennan eru notaðar við framkvæmd hans í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Nánari upplýsingar um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga hjá LSV má finna á vefsíðu sjóðsins. Með undirritun staðfestir réttihafi efni samningsins og samþykkir að gangast undir skilmála hans um séreignarsparnað og þær reglur sem gilda um séreignarsparnað LSV. Undirritaður réttihafi veitir LSV heimild til að senda samninginn til launagreiðanda sem réttihafi tilgreinir. Samningur telst kominn á í samræmi við efni hans þegar réttihafi hefur undirritað samning þennan og fengið sitt eintak hans útgefið af LSV. Skjal þetta er hægt að undirrita með eigin hendi eða rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.